



Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7.11.2019
Tilvísun: 201909-0006

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um staðgreiðslu við innborgun í lífeyrissjóð, 25. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um staðgreiðslu við innborgun í lífeyrissjóð, 25. mál.

Alþýðusambandið er alfarið mótfallið hugmyndum um að skattleggja iðgjald til lífeyrissjóðanna við inngreiðslu. Breytingin hefði í för með sér að í stað þess að greiða skatt af lífeyristekjum sem greiddar eru út úr lífeyrissjóðunum yrði iðgjald í sjóðina skattlagt við inngreiðslu. Með slíkri breytingu fengju sjóðirnir aldrei þann hluta iðgjaldsins til ávöxtunar til að byggja upp framtíðarlífeyrisréttindi sem hefði víðtæk áhrif á lífeyriskerfið, lífeyrisréttindi einstaklinga sem og tekjur ríkissjóðs og getu til að standa undir opinberri þjónustu til framtíðar.

Með skattlagningu á inngreiðslur í lífeyrissjóð er skattbyrði flutt á milli kynslóða og vikið frá þeirri meginhugsun lífeyriskerfisins að hver kynslóð standi undir eigin lífeyri og hluta þeirrar þjónustu sem hún nýtur. Breytingin hefði þannig í för með sér að í reynd væri þeim hluta lífeyrissparnaðarins sem nemur sköttum af iðgjöldum breytt úr sjóðssöfnun í gegnumstreymiskerfi. Með hraðri breytingu á aldurssamsetningu þjóða liggur styrkleiki íslenska lífeyriskerfisins í samanburði við aðrar þjóðir ekki síst í því hversu stór hluti lífeyriskerfisins er fjármagnaður í söfnunarsjóðum. Breyting í átt að auknu gegnumstreymi væri því veruleg afturför.

Ef inngreiðslur í lífeyrissjóði eru skattlagðar í dag munu lífeyrisþegar framtíðarinnar að óbreyttu ekki skila skatttekjum í ríkissjóð. Það þýðir að þeir sem verða á vinnualdri eftir 20-40 ár munu þurfa að standa undir kostnaði við þjónustu sífelld stækkandi hóps ellilífeyrisþega með hærri skattbyrði sem nemur þeim skattgreiðslum sem verða teknar út núna.

Skattlagning inngreiðslna í lífeyrissjóði mun skerða lífeyrisréttindi úr lífeyrissjóðunum verulega þar sem lægra hlutfall iðgjaldanna er ávaxtað hjá lífeyrissjóðunum. Það mun aftur leiða til aukinna framtíðarútgjalda í almannatryggingakerfinu þar sem lífeyriskerfið byggir á samspili þessara kerfa. Almannatryggingakerfið er ólíkt sjóðssöfnunarkerfinu



gegnumstreymiskerfi sem fjármagnað er með skatttekjum á hverjum tíma. Aukin framtíðarútgjöld í almannatryggingakerfinu munu því einnig þyngja skattbyrði komandi kynslóða.

Fjöldi fólks á vinnualdri á hvern lífeyrisþega fer ört fækkandi. Í dag eru um sex vinnandi á hvern eftirlaunaþega en eftir 25 ár má áætla að hlutfallið verði einn á móti þremur. Núverandi fyrirkomulag tryggir að lífeyrisþegar greiða skatt af sínum eftirlaunum og leggja þannig sitt af mörkum til að fjármagna t.a.m. heilbrigðis- og velferðarkerfið. Verði hins vegar búið að taka þennan skatt við inngreiðslu mun vinnandi fólk framtíðarinnar þurfa að bera mun þyngir skattbyrði en ella til að standa undir rekstri ríkissjóðs eða að skerða verður þjónustu verulega.

Miðað við forsendur í greinagerð tillögunnar má ætla að lagt sé til að skattlagning iðgjalda verði utan persónuafsláttar. Það þýðir að líkindum að skattbyrði lægri lífeyrisgreiðslna/iðgjalda hækkar mest en skattur hjá þeim sem hafa háan lífeyrir lækkar frá því sem nú er. Slíkt gengur alfarið gegn hugmyndum um jöfnunarhlutverk skattkerfisins.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 5. nóvember 2019

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um tillögu til þingsályktunar um staðgreiðslu við innborgun í lífeyrissjóð, 25. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 18. október sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) send til umsagnar ofangreind tillaga til þingsályktunar, 25. mál.


Af mannfjöldaspá Hagstofu Íslands 2018-2067 má sjá að hlutfall aldraðra mun aukast á komandi áratugum en á sama tíma hægir á fjölgun íbúa á vinnumarkaðsaldri. Hlutfall aldraðra mun þannig aukast verulega umfram fjölda fólks á vinnumarkaði. Með fjölgun aldraðra sem jafnframt lifa lengur en áður munu útgjöld til framfærslu, heilbrigðismála og langtímavistunar óhjákvæmilega aukast. Því liggur fyrir að verði iðgjald til lífeyrissjóða skattlagt við innborgun verða tekjur ríkisins hlutfallslega hærrí nú en í framtíðinni þegar hlutfallslega færri verða á vinnualdri. Því má ætla að enn meiri þörf verði fyrir nýtingu skattstofnsins í framtíð en nú er.

Á Íslandi er ríkjandi svokallað EET-kerfi þar sem iðgjöld eru óskattlögð, fjármagstekjur óskattlagðar en fullur tekjuskattur greiddur við útborgun lífeyris. Fyrir sjóðfélaga skiptir ekki sköpum hvort iðgjöldin eru skattlögð við inngreiðslu svo fremi sem tryggt verður að lífeyrisgreiðslur verði óskattlagðar. Hins vegar er afar flókið í framkvæmd að breyta skattlagningu eins og hér er lagt til þar sem það myndi kalla á aðgreiningu réttinda eftir því hvort þau eru þegar skattlögð eða ekki. Framkvæmdin yrði afar vandmeðfarin en tryggja yrði að ekki kæmi til þess að sparnaðurinn yrði hvort heldur sem er óskattlagður eða tvískattlagður. Slíkar breytingar yrðu því kostnaðarsamar vegna verulega aukins flækjustigs við utanumhald réttinda og við greiðslu lífeyris.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er eitt af megin styrkleikum íslensks hagkerfis og hafa verið færð rök fyrir því að tekjuskattur af núverandi lífeyriskerfi muni að óbreyttu eftir um 25-30 ár standa undir útgjöldum íslenska ríkisins vegna aldraðra.

Með vísan í ofangreint lýsa LL sig mótfallin tillögunni.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri